

UMHVERFISSJÓÐUR UMFÍ – MINNINGARSJÓÐUR PÁLMA GÍSLASONAR

Vinnureglur Umhverfissjóðs UMFÍ – minningarsjóðs Pálma Gíslasonar, settar af stjórn sjóðsins.

1. MARKMIÐ OG STARFSEMI

Tilgangur sjóðsins er að styrkja umhverfisverkefni félaga innan ungmennafélagshreyfingarinnar. Horfa skal til verkefna er tengjast yngra fólki og verkefna sem stuðla að auknum tengslum við náttúru landsins.

Líta ber til misjafns aðgengis félaga að fjármagni til verkefna og að mótframlagi félaga heima í héraði til verkefna, auk nýjunga í umhverfisverndun og nýtingu.

Stofnendur sjóðsins eru fjölskylda Pálma Gíslasonar, ungmennafélagshreyfingin og aðrir velunnarar.

Höfuðstóll sjóðsins skal eigi vera lægri en 5.000.000 kr. og vera tengdur vísitölu neysluverðs í október 2015. Sjóðnum skulu tryggðar að lágmarki 1.200.000 kr. árlega sem greiddar verði af UMFÍ. Framlag UMFÍ er ákveðið í fjárhagsáætlun ár hvert. Sjóðsstjórn er heimilt að leita eftir viðbótarfjármagni frá öðrum aðilum.

Sjóðsstjórn skal skipuð einum fulltrúa frá fjölskyldu Pálma Gíslasonar, formanni UMFÍ og þremur fulltrúum skipuðum af stjórn UMFÍ.

Kjörtímabil sjóðsstjórnar er samhlíða kjörtímabili stjórnar UMFÍ, eða tvö ár. Verkefni sjóðsstjórnar er að úthluta fé úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja.

Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð hverju sinni og setur sér nánari vinnureglur varðandi úthlutun.

Úthlutun úr sjóðnum fer fram einu sinni á ári.

Vinnureglum sjóðsins er ætlað að auka gagnsæi og tryggja fagleg vinnubrögð sjóðsstjórnar.

Rétt til umsóknar úr sjóðnum eiga sambandsaðilar UMFÍ, aðildarfélög sem eru virk í starfi og deildir innan þeirra.

Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlegra verkefna hreyfingarinnar.

2. ÁHERSLUR Í ÚTHLUTUNUM

Í samræmi við reglugerð sjóðsins leggur sjóðsstjórn m.a. áherslu á að veita styrki til umhverfisverkefna sem:

- tengjast yngra fólki.
- stuðla að auknum tengslum við náttúru landsins.
- fela í sér nýjungar í umhverfisverndun og nýtingu.
- eru í samræmi við auglýst áhersluatriði sjóðsins hverju sinni.

3. FERLI UMSÓKNA

Tveimur mánuðum fyrir hverja úthlutun er fresturinn auglýstur með því að senda kynningarpóst á sambandsaðila, sett er auglýsing á vef UMFÍ, samfélagsmiðla, í rafrænt fréttabréf og aðra miðla eftir því sem við á. Í auglýsingum eftir umsóknum í sjóðinn skal fylgja með slóð á vefsíðu UMFÍ. Þar komi fram nánari upplýsingar um sjóðinn, yfirlit yfir þá styrkþega, styrkuppþæðir og verkefni sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum.

Skilafrestur umsókna er til og með 15. apríl ár hvert. Ef skiladag ber upp á helgi þá er næsti virki dagur síðasti skiladagur.

Umsóknum skal skilað á rafrænu formi sem finna má á heimasíðu UMFÍ.

Umsækjendur þurfa að fylla út alla liði umsóknarinnar.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði og leita umsagna annarra aðila.

4. MAT Á UMSÓKNUM

Sjóðsstjórn metur hverja umsókn samkvæmt eftirfarandi kvarða. Umsókn þarf að hljóta að lágmarki **50 stig** til þess að vera metin styrkhæf. Ef velja þarf úr styrkhæfum umsóknum, gildir stigaröðun umsókna, þ.e. stigahæstu umsóknirnar fá styrk.

MATSÞÁTTUR

Verkefni er áhugavert, vel skilgreint, hefur gildi fyrir starf félagsins og fellur undir reglugerð sjóðsins um styrkt verkefni.	Efni sem liggur til grundvallar umsókn er mjög áhugavert, vel skilgreint, hefur mikið gildi og fellur með skýrum hætti undir reglugerð sjóðsins. (60 stig)	Efni sem liggur til grundvallar umsókn er sæmilega áhugavert og skilgreint, hefur sæmilegt gildi og fellur undir reglugerð sjóðsins. (30 stig)	Efni sem liggur til grundvallar umsókn er illa útfært og/eða fellur illa eða ekki undir reglugerð sjóðsins. (0 stig)
Verk- og tímaáætlun: <ul style="list-style-type: none"> Líklegt að markmið náist. Skilgreind og vel útfærð. 	Vinnulýsing er vel skilgreind, sannfærandi og líklegt að markmið náist. (20 stig)	Vinnulýsing er sæmilega skilgreind. (10 stig)	Vinnulýsing er óraunhæf og illa skilgreind. (0 stig)
Pekking, reynsla og faglegur bakgrunnur umsækjanda og annarra þátttakenda.	Líklegt að umsækjandi og þátttakendur nái settu markmiði. (10 stig)	Sæmilega líklegt að umsækjandi og þátttakandi nái settu markmiði. (5 stig)	Ekki líklegt að umsækjandi og þátttakendur nái settu markmiði. (0 stig)
Fjárhagsáætlun og fjárhagsgrundvöllur verkefnis og/eða hvort umsækjandi hafi hlotið aðra styrki.	Fjárhagsáætlun er vel unnin og trúverðug og fjárhagsgrundvöllur verkefnis virðist traustur. (10 stig)	Fjárhagsáætlun er sæmilega vel unnin og fjárhagsgrundvöllur verkefnis sæmilega traustur. (5 stig)	Fjárhagsáætlun er ekki trúverðug og fjárhagsgrundvöllur verkefnis óljós og/eða mjög ótryggur. (0 stig)

5. ÁKVÖRÐUN UM VEITINGU STYRKJA

Sjóðstjórn ákvarðar um veitingu styrkja hverju sinni. Stjórnin viðhefur vönduð vinnubrögð og byggir ákvarðanir sínar á málefnalegum sjónarmiðum. Hún gætir jafnræðis við mat umsókna og ákvörðun um úthlutun.

Styrkur er að öllu jöfnu aldrei hærri en 50% áætlaðs styrkhæfs kostnaðar, eða að hámarki 500.000 kr. Sjóðsstjórn getur þó veitt hærri styrki í undantekningar- tilfellum.

Umsækjendur geta óskað eftir rökstuðningi sjóðsstjórnar við sinni umsókn.

6. EFTIRFYLGNI VEGNA VEITTRA STYRKJA

Upplýsa skal umsækjendur um ákvörðun sjóðsstjórnar, með tölvupósti, innan mánaðar frá umsóknarfresti.

Styrkþegar þurfa að skila inn skýrslu á þar til gerðu rafrænu formi til þess að fá styrk greiddan út. Í skýrslunni skulu koma fram upplýsingar um nýtingu styrksins,

fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur. Að auki skulu koma fram upplýsingar um alla kostnaðarliði og í viðhengi skulu fylgja með afrit af reikningum fyrir útlögðum kostnaði.

Sjóðsstjórn mælir eindregið með því að skýrslu sé skilað sem allra fyrst eftir að verkefni lýkur.

Sé styrkur ekki sóttur innan 24 mánaða fellur hann niður, sbr. 7. grein reglugerðar sjóðsins.

7. GAGNSÆI OG EFTIRFYLGNI STJÓRNAR UMFÍ


Sjóðsstjórn skilar inn fundargerð til stjórnar UMFÍ eftir hverja úthlutun þar sem m.a. er gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins.

Allar úthlutanir eru birtar og aðgengilegar á heimasíðu UMFÍ.

Rekstrar- og efnahagsreikningur sjóðsins er birtur árlega í ársskýrslu UMFÍ.

Það endurskoðunarfélag sem sinnir endurskoðun reikninga UMFÍ hverju sinni, er jafnframt endurskoðunarfélag sjóðsins.

Fyrir hönd sjóðsstjórnar 2021 – 2023.



Sigurður Óskar Jónsson, formaður.